

Bréf til íbúa Þingeyjarsveitar



Kæru íbúar.

Nú er sól farin að hækka á lofti eftir vetrarsólstöður og daginn tekið að lengja á ný. Ég vona að þið hafið haft það gott yfir hátíðirnar en nú tekur hversdagsleikinn við og verkefni framundan eflaust ærin hjá mörgum. Í okkar ágæta sveitarfélagi er eitt og annað framundan sem mig langar að upplýsa ykkur um.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var afgreidd fyrir jól, með 32 millj.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Áætlaðar heildartekjur eru 955 millj.kr. Töluverð lækkun varð á útgjaldalið fræðslumála milli ára eða sem nemur um 39 millj.kr. Í áætlun er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 100 millj.kr. vegna framkvæmda og fjárfestinga. Skuldahlutfall sveitarfélagsins er nú 62% samkvæmt ársreikningi 2014 en mun ekki hækka þrátt fyrir nýja lántöku 2016 vegna afborgana á árunum 2015 og 2016 og hækknar skatttekna. Staðan er því nokkuð góð og reksturinn í jafnvægi.

Breytt fyrirkomulag sorphirðu mun án efa verða eitt af stóru verkefnum þessa árs en eins og komið hefur fram þá munum við taka upp breytt sorphirðukerfi á nýju ári. Þetta er viðamikilið samvinnuverkefni og mikilvægt að allir taki virkan þátt svo vel megi takast. Fleiri kynningarfundir verða haldnir fyrir íbúa nú í byrjun árs þar sem farið verður yfir fyrirkomulagið og ég hvet ykkur til að mæta á þá. Reiknað er með að tunnaveiðingin eigi sér stað á vordögum en hún er háð því hvenær við náum að taka gámvöllinn, sem við munum setja upp við Stóru-Tjarnir, í notkun. Það er ein af þeim framkvæmdum sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2016. Við á skrifstofu sveitarfélagsins erum svo ávallt tilbúin að veita upplýsingar.

Framkvæmdir eru framundan hjá veitum sveitarfélagsins. Stefnt er að því að ljúka seinni hluta framkvæmda við kaldavatnslögn í Reykjadal sem ráðist var í á síðasta ári. Vatnsskortur hefur verið í byggðakjarnanaum á Laugum sem valdið hefur vandkvæðum er snýr að heimilum, fyrirtækjum,

öryggi og brunavörnum. Einnig er stefnt að framkvæmdum í hitaveitu en eins og notendur í Reykjadal urðu varir við þá varð heitavatnsskortur um tíma í desember vegna þrýstingstaps en við því verður brugðist með kaupum á búnaði. Gjaldskrá hitaveitu hækkaði nú um áramótin umfram hefðbundnar gjaldskrárhækkanir en ljóst er að auka þarf tekjur veitunnar til að standa undir viðhaldi og framkvæmdum í framtíðinni. Hitaveitan hefur verið rekin með tapi og gengið hefur verið á aðalsjóð sveitarfélagsins vegna viðhalds hennar.

Fyrirhuguð lagning ljósleiðara er í vinnslu og ferli. Starfshópur hefur verið að störfum og á næstu vikum ætti að verða ljóst hver næstu skref verða. Ljósleiðarvæðing, sem veita á öruggt netsamband, er mikilvæg og orðin til jafns á við góðar samgöngur og raforkuöryggi í hverju samfélagi. Það er því til mikils að vinna í þessum málum.

Frá og með áramótum mun Ingólfur Pétursson fara í hlutastarf hér í stjórnsýslunni hjá okkur en hann hefur verið í fullu starfi undanfarin ár og sinnt hinum ýmsu störfum ásamt því að vera yfirmaður veitna. Breytingin verður sú að Ingólfur mun einungis gegna starfi yfirmanns veitna og sinna hita-, kaldvatns- og fráveitumálum sveitarfélagsins. Við munum því njóta krafta hans áfram en ég vil þakka Ingólfi fyrir þau fjölpættu störf sem hann hefur sinnt svo vel og lengi fyrir sveitarfélagið. Stefnt er að því að ráða nýjan starfsmann í stað Ingólfs að lokinni endurskipulagningu starfssviða. Nýtt ár er gengið í garð sem gott er að taka á móti með bjartsýni og jákvæðni að leiðarljósi. Ég hlakka til að takast á við verkefni og vænti góðs samstarfs við ykkur, kæru íbúar.

Að lokum óska ég ykkur öllum gleðilegs nýs árs og farsældar á árinu 2016.

Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.



Hið sívinsæla bögglauppboð HFR ásamt kveðandaþætti og dansleik verður haldið að Breiðumýri föstudaginn 8 janúar og hefst kl.20.30 Aðgangseyrir kr. 2000. Athugið ekki tekið við greiðslukortum.

ALLIR hjartanlega velkomnir.

Stjórnin.

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum fyrir

kl. 15:00. 😊

ATH!

Verð á auglýsingum frá og með .10 janúar 2016

Verð hálf síðu er. kr.3.200.-m.vsk
Verð heil síðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386



Endurnýjun umsókna um húsaleigubætur

Um áramót þarf að **endurnýja allar umsóknir** um húsaleigubætur. Til þess að fá húsaleigubætur greiddar fyrir janúarmánuð þarf umsókn að berast til skrifstofu Þingeyjarsveitar **fyrir 16. janúar n.k.**

Við endurnýjun þarf að skila inn:

- Undirritaðri umsókn um húsaleigubætur (eyðublað á www.thingeyjarsveit.is)
- Staðfestingu á námi á vorönn 2016 (þar sem það á við)
- Afriti af síðasta skattframtali

Ath. þeir sem hafa þegar framvísað afriti af skattframtali 2015 þurfa ekki að skila inn nýju afriti.

Athugið að hægt er að leggja inn umsókn þó svo að nauðsynleg fylgigögn vanti. Umsóknin gildir þá frá þeim degi sem hún berst skrifstofu sveitarfélagsins, en húsaleigubætur verða ekki afgreiddar fyrr en öll nauðsynleg gögn hafa borist.

Allar nánari upplýsingar veitir Margrét Snorradóttir á skrifstofu Þingeyjarsveitar í síma 464-3322 eða á netfangið margret@thingeyjarsveit.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

*Bjargar Arnþórsdóttur
Breiðumýri*

Sem andaðist 25. nóvember sl.

Jósep Rúnar Sigtryggsson, Margrét Haraldardóttir
Friðgeir Sigtryggsson
Gerður Sigtryggsdóttir
Pórunn Sigtryggsdóttir Gísli Sigurðsson
Barnabörn og barnabarnabörn



BÓKASAFN AÐALDÆLA OPNAR!!

Þá opnar Bókasafn Aðaldæla aftur eftir flutning í húsnæði Þingeyjarskóla.

Opnunartími er á :

mánudagskvöldum kl. 20:30 - 22:30 og

á þriðjudögum kl. 11:30 - 13:30

Með bókakveðjum og von um að sjá sem flesta notendur í nýja húsnæðinu!

Halldóra bókavörður.

Leiksyning

MENNINGARMÍÐSTÖÐ
PINGEYINGA

Í tilefni aldarafmælis
kosningaréttar kvenna
á Íslandi

ÞÖGGUN
sýning á kvöldi með þessum

Leikfélag Hörgræla sýnir ÞÖGGUN í Safnahúsinu á Húsavík
laugardaginn 9. janúar kl. 16.00

Handrit og leikstjórn: Jón Gunnar Þóðsson
Ólaf frá Höðum: Fanney Valsdóttir
Skáld-Rósa: Margrét Sveinisdóttir
Gabríy frá Klömbum: Sesselía Ólafsdóttir

„Mjög stór sýning sem enginn annar hefur átt átt“
Sáky Björk Stefánsdóttir

Húspensarir í síma 666 0170 & 666 0180 kl. 10.00-18.00
Húsnæði 2.500 kr.

HÚSNÆÐI
HÓFUDLANDS EYSTA

Nánari upplýsingar: www.husmus.is



Þorrablót Ljósvefninga

Þorrablót Ljósvefninga verður í Ljósvefningabúð
laugardagskvöldið 13. febrúar nk.

Nánar auglýst síðar
Nefndin



Karلاكórinn Hreimur býður heim.

Laugardagskvöldið 9. janúar kl. 20:00 **býður**
Karلاكórinn Hreimur til mannfagnaðar að Ýdölum .

Söngur, gamanmál og fleira.

Að lokinni samkomu verður lifandi músík og dansþyrstir geta fengið sér snúning.

Bónusbarinn, ódýrasti barinn á landinu verður opin fram eftir nóttu.

Fjölmennum og gleðjumst saman í upphafi árs.

Karلاكórinn Hreimur.

I. tbl.
7. jan
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Umf. Efling auglýsir íþróttæfingar á vorönn

Örlitlar breytingar verða á æfingunum.

Priðjudagar:

Kl. 13:30 – Krakkablak 1. – 3. Bekkur í **Ýdölum**. Þjálfarar: Svana og Ólöf **Frítt að æfa**.

Kl. 15:30 – 16:30: Fótbolti 3. - 10. Bekkur á **Laugum**. Þjálfari: Elvar
Kl. 19:00 – 20:00: Bogfimi byrjendatími (börn yngri en 12 ára þurfa að hafa fullorðinn einstakling með til aðstoðar)

Kl. 19:30 – 21:30: Bogfimi lengra komnir

Miðvikudagar:

Kl. 14:45 – 16:00: Fótbolti. 3. – 10. Bekkur á **Laugum**. Þjálfari: Elvar

Fimmtudagar:

Kl. 15:00 – 16:00: Blak 4. – 10. Bekkur í **Ýdölum**. Þjálfari: Hnikarr

Laugardagar:

Kl. 11:00 – 12:00: Fjölskyldutími Eflingar **Frítt að æfa** (hafa samband við Hnikarr eða Jóhönnu Sif ef húsið er læst).

Kl. 12:00 – 14:00: Bogfimi lengra komnir

Gjöldin fyrir fótbolta og blak verða 5.000 kr frá janúar og út apríl, fyrir hverja 1 æfingu á viku en hámark 10.000 kr fyrir tímabilið.

Gjaldið fyrir bogfimina er 10.000 kr önnin fyrir „lengra komna“ og 5000 kr fyrir „byrjendur“

Æfingar hefjast þriðjudaginn 12. Janúar nema í bogfimi sem hófst þriðjudaginn 5. janúar



PRETTÁNDAGLEÐI

U.m.f. Gaman og Alvara stendur fyrir prettdaglegði

Föstudagskvöldið 8. janúar kl. 20.30 í Ljósvefningabúð,

(með fyrirvara um veður og færð)

og hefst á **flugeldasýningu** Björgunarsveitarinnar Þingeyjar.

Eins og venjulega kemur hver með brauð/köku og leggur á sameiginlegt hlaðborð.

Í boði verður kaffi, te og djús.

Spilað verður Bingó, spjaldið kostar 500 kr. Veitt er viðurkenning fyrir snyrtilegasta lögbýlið.

Krakkar munið smákökusamkeppnina :)

Allir velkomnir.

Umf. Gaman og Alvara

